



Fundur í sveitarstjórn

73. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 2. nóvember 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Heiðrún Óladóttir, Sóley Indriðadóttir, Halldór Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki. Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Fundargerð 300. fundar stjórnar Eypings, dags. 25. október 2017.
2. Fundargerð 28. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. október 2017.
3. Stígamót, ósk um fjárstuðning vegna 2018.
4. Markaðsstofa Norðurlands, samantekt um starf Flugklasans Air 66N 2017.
5. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, smávirkjanir, aðgerðaráætlun.
6. Umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar, Fjarðarvegur 12.
7. Tilfærsla á mötuneyti Grunnskólans á Þórshöfn.
8. Útsending frá sveitarstjórnarfundum.
9. Átta mánaða rekstraruppgjör.
10. Tillaga að fjárhagsáætlun 2018.
11. Skýrsla sveitarstjóra.
12. Gestir – Fræðslunefnd.

Fundargerð

- 1. Fundargerð 300. fundar stjórnar Eypings, dags. 25. október 2017.**

Fundargerðin lögð fram.

- 2. Fundargerð 28. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. október 2017.**

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. - Grenndarkynning vegna nýs leikskóla

Sveitarstjóri óskar heimildar til að grenndarkynna fyrirhugaða nýbyggingu leikskóla að Fjarðarvegi 5a og tengdar framkvæmdir. Um er að ræða byggingu sem tengist núverandi byggingu leikskólans en mun hafa aðkomu frá Miðholti.



Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn heimilar grenndarkynningu á áformum um nýbyggingu leikskóla og aðkomu. Grennd skal teljast Hálsvegur 1 til 11, Fjarðarvegur 3 til 9 og Miðholt 1 til 19.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn óskar eftir því að fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar verði leiðrétt. Þar er sagt að grenndarkynning hafi verið samþykkt, en svo var ekki.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Karl Ásberg Steinsson.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur. Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson og Steinunn Leósdóttir greiddu atkvæði á móti.

Til máls tók Heiðrún Óladóttir og lagði fram svohljóðandi bókun N- og L-lista:

Vegna tillögu fulltrúa U-lista á þeim fundi sem hér er til umfjöllunar vill meirihluti N- og L-lista ítreka það sem áður hefur komið fram á fundum sveitarstjórnar. Á 63. fundi sveitarstjórnar koma fram tillaga frá U-lista þess efnis að halda skyldi íbúafund „...um hvar eigi að byggja nýjan leikskóla“. Meirihluti N- og L-lista ákvað að samþykkja umrædda tillögu um íbúafund enda er meirihlutinn og hefur ætíð verið fylgjandi opnu og góðu samtali við íbúa sveitarfélagsins. Samþykkt meirihluta var þó undir þeim formerkjum, sem komu skýrt fram á fundinum, að nú þegar hefði verið á vettvangi sveitarstjórnar tekin sú ákvörðun að byggja nýjan leikskóla hvar núverandi leikskóli er staðsettur. Sú eindregna skoðun meirihluta að íbúafundur geti ekki snúist um að breyta ákvörðun um staðsetningu hefur verið ítrekuð við minnihluta, nú síðast úr ræðustól á 72. fundi sveitarstjórnar.

N- og L-listi átelur U-lista fyrir þá skotgrafapólitík sem listinn rekur í þessu mikilvæga máli. Forsvarsmenn U-lista halda með málflutningi sínum á lofti rangtúlkunum og útúrsnúningum að því er virðist einungis til að tefja mikilvæga og löngu tímabæra framkvæmd. Ekki verður að mati meirihluta hjá því komist að velta því fyrir sér hvort umræddur málatilbúnaður forsvarsfólks U-listans sé uppi hafður í þeim tilgangi að breiða yfir mistök og úrræðaleyfi fortíðar.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl.17:20. Samþykkt.

Fundur settur að nýju kl. 17:39.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans í framhaldi af afgreiðslu sveitarstjórnar:

Skilningur U-lista á bókun um staðsetningu leikskóla á 63. fundi sveitarstjórnar er sá að haldinn skyldi íbúafundur um staðsetninguna. Annað komi ekki fram á þessum fundi hvað varðar staðsetninguna. Það er sorglegt að meirihlutinn skuli ekki treysta sér til að eiga samtal við íbúa sveitarfélagsins um þetta mál.



Við viljum benda meirihlutanum á að það var búið að taka ákvörðun um að byggja leikskóla við grunnskólann og þessari ákvörðun breytti meirihlutinn í apríl síðastliðnum án samtals við sveitarstjórn, starfsmenn skólanna og íbúanna.

Við vísum skotgrafapólitíkinni til heimahúsanna því framkoma meirihlutans í þessu máli og öðrum eru með þeim eindæmum.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 17:42.

Fundur settur að nýju kl. 17:44.

Til máls tóku: Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 17:50.

Fundur settur að nýju kl. 17:56.

Oddviti bar upp svohljóðandi tillögu U-lista frá fundi umhverfis og skipulagsnefndar:

Lagt er til að sveitarstjórn standi við samþykkt frá 63. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þess efnis að haldinn verði íbúafundur um staðsetningu leikskóla. Einnig er lagt til að efnt verði til íbúakosningar um staðsetningu.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Heiðrúnar Óladóttir, Sóleyjar Indriðadóttur, Stefáns Halldórssonar. Með tillögunni greiddu atkvæði: Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir.

Til máls tóku: Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhlé kl. 18:01. Samþykkt.

Fundur settur að nýju kl. 18:05.

Karl Ásberg Steinsson lagði fram svohljóðandi bókun:

Það veldur vonbrigðum að meirihluti sveitarstjórnar samþykki ekki að haldinn skuli íbúakosning um staðsetningu á nýjum leikskóla og fá þannig fram vilja íbúanna. Í ljósi þess hve mikil óánægja er með ákvörðun meirihlutans er nauðsynlegt að leyfa íbúunum að segja sína skoðun á málefnum.

3. Stígamót, ósk um fjárstuðning vegna 2018.

Fram er lagt erindi Stígamóta dags. 15.10 2017. Í erindinu er farið yfir ýmsa rekstrarþætti hjá samtökunum og óskað samstarfs um rekstur.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar erindið en sér sér ekki fært að verða við ósk samtakanna að þessu sinni.

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Halldór Stefánsson, Elías Pétursson.

Samþykkt með fimm atkvæðum. Á móti: Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson.



4. Markaðsstofa Norðurlands, samantekt um störf Flugklasans Air 66N 2017.

Erindið lagt fram og vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

5. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, smávirðjanir, aðgerðaáætlun

Lagður fram tölvupóstur frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, dags. 23. október 2017, um skoðun möguleika á sjálfbærni Norðurlands eystra í raforkumálum. Skv. Sóknaráætlun Norðurlands eystra er atvinnuþróunarfélögunum falin ábyrgð á því verkefni að skoða möguleika á sjálfbærni í raforkumálum með smávirðjunum (verkefni 5.1.2 í aðgerðaáætlun sóknaráætlunar). Skv. aðgerðaáætluninni á að liggja fyrir greining á möguleikum smávirðjana í landshlutanum.

Með tölvupóstinum fylgir verkefnalýsing sem lögð hefur verið fyrir stjórn Eyþings þar sem óskað er eftir því að verkefnið verði skilgreint sem áhersluverkefni og fjármagnað sem slíkt. Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til verkefnisins.

Til máls tók Elías Pétursson og lagði fram svohljóðandi bókun:

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar er jákvæð fyrir verkefninu og samþykkir að úttektin verði gerð með tilvísun til sóknaráætlunar Eyþings.

Samhliða því er erindinu vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar, landbúnaðarnefndar og umhverfis- og skipulagsnefndar til umfjöllunar.

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

6. Umsögn um rekstrarleyfi til sölugistingar, Fjarðarvegur 12

Lögð fram beiðni sýslumannsins á Norðurlandi eystra, dags. 16. október 2017, um umsögn sveitarfélagsins við umsókn Karenar Rutar Konráðsdóttur fyrir hönd Gistiheimilisins Lyngholts ehf. um áframhaldandi rekstrarleyfi að Fjarðarvegi 12 (Þórshamars) sem gistiheimili án veitinga.

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til atvinnu- og ferðamálanefndar og umhverfis- og skipulagsnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

7. Tilfærsla á mötuneyti grunnskólans á Þórshöfn

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna flutnings mötuneytis fyrir grunnskólans úr Veri í Þórsver. Áætlaður heildarkostnaður við endurbætur og nauðsynlegar lagfæringar á eldhúsinu í Þórsveri er um 4,2 m.kr.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra er falið að vinna verkefnið áfram og ljúka því fyrir upphaf skólahalds á nýju ári ef kostur er.



Samþykkt samhljóða.

8. Útsending frá sveitarstjórnarfundum

Oddviti og sveitarstjóri reifuðu málið, sveitarstjóri fór yfir tæknilega og framkvæmdalega þætti þess að senda fundi sveitarstjórnar beint út.

Vegna neyðarútkalls sjúkrabíls viku Þorsteinn Ægir Egilsson og Karl Ásberg Steinsson af fundi. Samþykkt samhljóða að starfsaldursforseti Siggeir Stefánsson tæki við stjórn fundarins.

Bókun að afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kaupa þann búnað og framkvæma annað það sem þarf til beinar útsendingar funda sveitarstjórnar og eftir atvikum nefnda. Útsendingar frá fundum sveitarstjórnar skulu hefjast svo fljótt sem verða má.

Samþykkt samhljóða.

9. Átta mánaða rekstraruppgjör

Sveitarstjóri fór yfir uppgjörið, skatttekjur eru 9,4% hærri en samtímatekjur síðasta árs en útgjöld A-sjóðs eru 5,8% hærri. Þar ræður hækkaður launakostnaður. Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 26,7 milljónir. Niðurstaða B-hluta er neikvæð um 16,3 milljónir, þar ræður mestu neikvæð niðurstaða hafnarsjóðs. Niðurstaða hafnarsjóðs er þó töluvert betri en áætlun og samtímatölur fyrra árs og nokkuð ljóst að vegna góðra uppsjávarvertíðar þá mun afkoma batna enn meira. Rekstrarniðurstaða samstæðu er jákvæð um 10,4 milljónir sem er 24 milljónum betri afkoma en samtímaafkoma síðasta árs.

10. Tillaga að fjárhagsáætlun 2018

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun 2018 í samræmi við 62. gr 3. mgr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir meginforsendur framlagðrar tillögu. Fram kom í máli sveitarstjóra að ýmis itargögn yrðu send kjörnum fulltrúum á tölvutæki formi í kjölfar fundar. Þá lagði sveitarstjóri fram tímaplan vegna áætlunarinnar hvar fram kom hvernig verkþættir áætlunar munu vinnast og tillaga að dagsetningum vinnufunda sveitarstjórnar. Að lokum óskaði sveitarstjóri eftir góðu samstarfi við alla kjörna fulltrúa í þeirri vinnu sem nú er framundan.

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og vísar henni til áframhaldandi umfjöllunar í stjórnkerfi og sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.



12. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir það helsta sem í gangi hefur verið utan þess sem fjallað hefur verið um hér að ofan.

Áfram hefur verið haldið við innleiðingu nýs samnings um sorphirðu og mál því tengd. Áætlað er að halda íbúafundi vegna málsins í næstu, á fundina munu mæta fulltrúar Íslenska Gámafélagsins. Frumhönnun á flokkunarskýlum er í gangi og unnið er að ráðningu starfsmanns vegna verkefnisins.

Nú er í gangi hreinsunaráttak í sveitarfélaginu. Í síðustu viku fóru fulltrúi Heilbrigðis- eftirlits Norðurlands eystra og forstöðumaður áhaldahúss um þéttbýliskjarnana og límdu miða á bílhæ og annað sem í augu stakk. Nú stendur fyrir dyrum að fjarlægja og farga því sem límt var á og ekki er leyfi fyrir.

Ljósleiðaraverkefnið í góðum gangi, lokið er við plægingu og er nú verið að koma lögnum í gegn um Þórshöfn, það verkefni tengist einnig ljósleiðaratengingu félagsheimilisins vegna farsímasenda á húsinu.

Lokið er við að setja upp loftræstibúnað í leikskólanum utan að beðið er tveggja íhluta, gangsetning verður á næstu dögum.

Unnið hefur verið að hönnun nýbyggingar leikskólans, það verkefni hefur gengið vel og munu teikningar verða lagðar fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar ásamt öðrum gögnum. Einnig er unnið að undirbúningi íbúafundar þar sem framkvæmdin verður kynnt fyrir íbúum.

13. Gestir - fræðslunefnd

Starfsaldursforseti bar upp tillögu um að þessum lið yrði frestað.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:11.